


## Hitastigsmælingar

Undanfarið hefur Matvælastofnun sinnt eftirliti með hitastigsmælingum á lönduðum afla. Á tímabilinu frá maí til ágúst 2017 voru teknar hitastigsmælingar á lönduðum afla. Alls voru þetta 140 mælingar sem teknar voru víðs vegar um landið. Um 90% bátanna voru á strandveiðum og tæp 88% mælinga voru af strandveiðibátum.


Meðalhitastig afla var 2,8 °C, þar af voru 40% hitastigsmælinga lægri eða jafnt og 2 °C, sem er viðmið fyrir hitastig bráðnandi íss. Við samanburð á hitastigi í afla má sjá að frá júní og út júlí hækkar meðalhiti afla sem kældur er með ís sem gæti útskýrst á hækkuðum sjávarhita en meðalhiti afla sem kældur er með krappa lækkaði hins vegar á sama tímabili (sjá mynd 1.).

Mynd 1. Könnun á meðalhitastigi í lönduðum afla frá maí til júlí 2017



Skipting milli íss og krappa sem kælimiðils var nokkuð jöfn eða 40% af hitamælingum af afla kældur með ís og 46% með krappa. Meðalhiti þess afla sem kældur var með krappa var 2,1 °C og meðalhiti afla sem kældur var með ís var 3,6 °C (sjá mynd 2.).

Mynd 2. Meðalhitastig í lönduðum afla eftir kælimiðli



Hæsti meðalhiti mældist hjá bátum sem lönduðu í Þorlákshöfn (5,6°C) og á Siglufirði (4,2°C). Þar sem hitastig mældist hátt var algeng athugasemd eftirlitsmanna: „Enginn ís sjáanlegur um borð“ eða „mjög lítið af sjáanlegum ís í kari“. Í reglugerð 528/2012 er hnykkð á því að kæla skuli afla eins fljótt og auðið er eftir að hann kemur um borð og skipsstjórnadi skal geta sýnt fram á að hafa tekið nægan ís til veiðiferðarinnar.

## Ítarefni

Reglugerð nr. 528/2012: „Reglugerð um (4.) breytingu á reglugerð nr. 104/2010 um gildistöku reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004 um hollustuhætti sem varða matvæli úr dýraríkinu auk áorðinna breytinga.“ <https://www.stjornartidindi.is/Advert.aspx?ID=b713fd10-c04f-43c2-b0f3-def551df8737>

Reglugerð 104/2010 (853/2004 EB) <https://www.reglugerd.is/reglugerdir/allar/nr/104-2010>

### Gagnlegt efni á heimasíðu matís:

Rétt aflameðferð

[http://www.matis.is/media/einblodungar/a4\\_rett\\_aflamedferd\\_isl\\_ensk-\(2\).pdf](http://www.matis.is/media/einblodungar/a4_rett_aflamedferd_isl_ensk-(2).pdf)

Mikilvægi góðrar meðhöndlunar á fiski/Sjávarhiti og íspörf

[http://www.matis.is/media/einblodungar/a4\\_medhondlun\\_fisks.pdf](http://www.matis.is/media/einblodungar/a4_medhondlun_fisks.pdf)

### Af heimasíðu Landssambands smábátaeigenda:

„Hvað þarf mikinn ís til að kæla aflann?“ [http://www.smabatar.is/is\\_fiskur.html](http://www.smabatar.is/is_fiskur.html)